


## MENNING/LISTIR

# Að bjóða dauð- anum byrginn



STUDIO Granda: Ráðhús Reykjavíkur (1987-92).

ekki hvað síst þar sem hlöðstæð umræða kom upp í sambandi við ákvörðun um staðsetningu húss Hæstaréttar Íslands.

Í inngangi sýningarhrár benda írsku arkitektarnir Sheila O'Donnell og John Tuomey á hvernig reynslan af því að búa og starfa á Íslandi birtist á athyglisverðan hátt í samkeppnistillögu Studio Granda að uppbyggingu nýs háskólasvæðis fyrir Durham-háskóla á Englandi. Einkennandi fyrir

úrlausn skipulagsins er einlæg virðing höfundanna fyrir formi landslagsins og þeim kröftum sem það hafa mótað. Í þessu samhengi telja Írarnir áhrifin frá hinu hrjóstruga íslenska umhverfi auðsæ. Sú hugkvæmni, sem fólgin er í

hugmyndinni um samband byggingar og landslags í Durham-verkefnum felur að þeirra mati í sér ákveðna vísbendingu um hvernig þau (Studio Granda) myndu takast á við það viðfangsefni að teikna byggingu utan hins þrönga ramma borgarinnar, í óheftri víðáttu íslensks landslags.

Með yfirskrift sýningarinnar, „Í hlutarins eðli“, vilja höfundarnir beina sjónum að því huglæga og verkegla vinnuferli, sem er nauðsynlegur þáttur í tilurð hvernar byggingar. Með því að beina sjónum að þessu atriði er leitast við að upplýsa þá sem ekki þekkja til hvernig einföld teikning á blaði verður að áþreifanlegu umhverfi. Jafnframt því að varpa ljósi á tilurð bygginga er athygli beint að

eðli og sérstöðu listrænnar sköpunar á sviði byggingarlistar í samburði við aðrar greinar sjónlista. Líkt og leikstjóri kvikmyndar verður arkitektinn í flestum tilvikum að reiða sig á velvild og skilning annarra til að sjá hugmyndir sínar verða að veruleika. Byggingar kosta mikið fé og við gerð þeirra kemur fjöldi manns við sögu, oft með ólíka hagsmunum. Þá má ekki gleyma því að arkitektúr er nytjalist, byggingin verður skilyrðislaus að

þjóna hlutverki sínu, hvað sem líður hinum skapandi þætti. Teikningar og líkön eru arkitektsins til að miðla hugmyndum sínum til annarra, en þau eru ekki hin endanlega listræna afurð. Að þessu leyti eru sýningar um byggingarlist takmörkunum háðar. Það sem fyrir augu ber er í flestum tilvikum vitnisburður um sköpunarferli en ekki hinn raunverulegi afkastur þess. Fyrst og síðast er það byggingin sjálf sem máli skiptir, áhrif hennar á skynjun okkar í tíma og rúmi, með vitund um sögu hennar og samhengi, sem er hin raunverulega upplifun af byggingarlist. Engu að síður geta sýningar um arkitektúr verið mikilvæg hjálpartæki til að opna augu fyrir því sem í kringum okkur er og auka skilning á því af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru.

ar. Það sem fyrir augu ber er í flestum tilvikum vitnisburður um sköpunarferli en ekki hinn raunverulegi afkastur þess. Fyrst og síðast er það byggingin sjálf sem máli skiptir, áhrif hennar á skynjun okkar í tíma og rúmi, með vitund um sögu hennar og samhengi, sem er hin raunverulega upplifun af byggingarlist. Engu að síður geta sýningar um arkitektúr verið mikilvæg hjálpartæki til að opna augu fyrir því sem í kringum okkur er og auka skilning á því af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru.

**Höfundur er arkitekt og safnvörður Byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.**

áður voru talin glötuð hafa komið í leitirnar. Þannig fannst frumhandrit að sjöttu sífóníunni í einkaeigu fyrir tíu árum, þriggja síðna listi með leiðréttingum á níundu sífóníunni var seldur á uppboði hjá Sotheby's fyrir sjö árum og nokkrar síður úr frumhandriti níundu sífóníunnar með grúa leiðréttinga sem áður voru taldar glataðar fundust fyrir skemmstu. Sitthvað er þó að eilífu glatað, til að mynda frumhandrit fimmtu sífóníunnar sem eyddist í sprengjuárás í síðari heimsstyrjöldinni, og annað hefur aldrei fundist. Það er því hægra sagt en gert að taka saman vísindalega útgáfu af verkum Beethovens, ekki bara af sífóníunum, en í útgáfu Gardiners er stigið stórt skref í rétta átt.

## Spilagleði og ferskleiki

Gagnrýnendur hafa tekið útgáfunni almennt vel, til að mynda var útgáfan verðlaunúð sérstaklega í því virta blaði Gramophone og Gardiner valinn listamaður ársins á síðasta ári, en þeir eru líka nokkrir sem kunna ekki við endurbæturnar. Víst er það viðbrigið fyrir þá sem aldrei eru upp á Karajan, eða, eins og sá sem þetta skrifar, á Furtwängler að heyra útgáfu Gardiners, en allir hljóta að heillast af spilagleði frábærrar hljómveitar hans, sem og ferskleika túlkunarinnar og því verður ekki neitað að útgáfa hans á níundu sífóníunni undirstrikar þann stórkostlega sigur mannsandans sem hún er ekki síður en hádramatísk og þrúgunn útgáfa Furtwänglers.

**Þ**EGAR frá voru taldir söngleikir og á Broadway var aðeins verið að sýna eitt hreint og klárt leikrit, sakamálastykki eftir J.B. Priestley. Tvö leikrit, sem sett voru upp í haust entust ekki jólnin.

Skýndilega hefur dæmið snúist við og leikhúsinnendur geta siglt um með öll troll úti án þess að fylla kvótann. Gróskan er jafnt á Broadway sem utan. Eitt dæmið um þessa vakningu eru þrjú einþáttungar eftir David Mamet, Elaine May og Woody Allen á sviði Variety Arts-leikhússins neðarlega á austanverðri Manhattan, sem telst off-Broadway.

## New York skotskífa

New York er heimur út af fyrir sig og viðkvæðið er að íbúar borgarinnar hafi enga aðra viðmiðun en sjálfa sig vegna þess að það jafnist einfaldlega ekkert á við New York, hvort sem það er af góðu eða illu. Borgin er svo yfirþyrmandi að enginn kemst ósnortinn undan valdi hennar. Einþáttungarnir þrjú bera nafnið Death Defying Acts (órðaleikur, sem tekur bæði til verknaða og atriða, þar sem dauðanum er boðinn byrgurinn) og eiga það sammerkt að gera New York að skotskífu.

Mamet, eitt þekktasta leikritaskáld Bandaríkjamanna um þessar mundir, færir okkur lögræðinginn, sem situr í sínu hinsta viðtali og hyggst réttlæta líf sitt. Lögræðingurinn reynir að fara í kringum síðferðisspurningar eins og köttur í kringum heitan graut, en viðtalið beinist alltaf að sama viðkvæma málinu; afdrifum sláttuvélar, sem hann fékk lánaða hjá nágrenna sínum, þegar hann rak garðyrkjuþjónustu á yngri árum og hinni fráleitu spurningu hvort hann hafi grafið hana í jörð.

Fáar stéttir í Bandaríkjunum verða fyrir jafn miklu aðkasti og lögræðingar og Mamet lætur sitt ekki eftir liggja. Lögræðingurinn er dæmdur til að dása í brennisteinssýru til eilífðarnóns fyrir tvær sakir, annars vegar að hafa staðist lögræðipróf og hins vegar að hafa dáið. Mamet skrifaði meðal annars leikritið Oleanna, sem Þjóðleikhúsið sýndi í vetur, og verður að segjast að hér er hann ekki í essinu sínu.

Einþáttungur Elaine May, sem hefur starfað mikið með leikstjóranum Mike Nichols og var m.a. einn af handritshöfundum nýjustu myndar hans, Wolf, með Jack Nicholson og Michelle Pfeiffer í aðalhlutverkum, er sýnu rismeiri. Neyðarlínan fjallar um hinn örvinglaða New York-búa. Hroki er aðall þeirra, sem vinna hjá Sjálfsmorðsneyðarlínunni við að telja þeim hughvarf, sem hyggjast binda enda á líf sitt. Það er fyrsti dagur Kens í vinnunni og eftir að hafa talið við nokkra sjálfsmorðsglaða New York-búa hverfur ööryggið fyrir sjálfumgleði þess, sem þykist alvaldur skilja milli feigs og ófeigs.

Vændiskonan Dorothy kemur Ken hins vegar harkalega niður á jörðina með einstöku ónuglyndi og frekju. Texti vændiskonunnar er meinfyndinn, hvort heldur hún hvárir yfir þrjúsku pítsusendils, sem á bágt með að trúna að hún muni borga honum daginn eftir þegar hann heyrir að hún er að hringja í sjálfsmorðsathvarfið, eða óskapast yfir einfeldningslegum spurningum ráðgjafans.

## Meistari Allen

Það er hins vegar meistari Allen, sem á sýninguna. Hans þáttur, Central Park West, er sýnu bestur. Allen fæst hér við gamalkunnugt efni; ástir og örlög, taugaveiklun og ööryggi New York-búa af efri millistétt. Hann hefur hins vegar sjaldan gert þessu

þegar leikhúsvertiðin hófst í New York í haust virtist aflinn ætla að verða rýr. Karl Blöndal lýsir gróskumiklu leikhúslífi heimsborgarinnar, þar sem Woody Allen kemur m.a. við sögu.

efni jafn góð skil. Samtölin eru meitlud og ærslafullur húnur fleytir kerlingar á undiröldu alvörunnar svo að áhorfandinn hálfskammast sín fyrir að liggja út sýninguna í hláturkrampa.

Þátturinn fjallar um tvenn hjón, framhjáhald, kokkálá, fræga sálfræðinginn, sem er blindur á eigið hjónaband (og skilur ekki hvernig eiginmaðurinn gat haldið fram hjá með klassískum freudista), vel klæddu vinkonuna, sem þykist enn á ný hafa fundið hina einu sönnu ást, mislukkaða rithöfundinn, sem eftir áratugi á bekknum þarf skýndilega að takast á við það að þegar líf hans er í rúst þá væri hann geðveikur ef honum liði ekki hörmulega, og kyntröllinu, sem alla sína ævi hefur ekki getað séð kvenmannspils í friði og kveðst nú hafa fundið kjölfestu í lífi sínu í unglingsstelpu (sem reyndar hefur verið í tímum hjá sálfræðingnum).

Allen flettir hverju laginu ofan af öðru í lífi þessa fólks líkt og hann

Woody Allen.



væri að skræla lauk. Uppljóstranir og afhjúpanir skiptast á og einu gildir þótt áhorfandinn átti sig á því, sem í vændum er, eða komi af fjöllum; hann er límdur við atburðarásina.

Þetta er ekki eina verkið sem vert er að sjá í New York um þessar mundir. Uppsetning Circle in the Square-leikhússins á Vanja frænda eftir Chekov með Tom Courtenay, James Fox og Amöndu Donohoe er eftirlæti gagnrýnenda.

Forsýningar eru að hefjast á Les Parents Terribles eftir Jean Cocteau með Kathleen Turner (Body Heat, Serial Killer Mom) í aðalhlutverki. Turner flakkar á milli Hollywood og leiksviðsins og lék síðast við góðan orðstír í Cat on a hot Tin Roof eftir Tennessee Williams. Turner er ætlað að bera verkið uppi, en eitthvað virðist titillinn hafa staðið í mönnum því að leikritið mun heita Indiscretions til að fæla áhorfendur ekki frá.

Turner er ekki eini Hollywood-leikarinn, sem ætlað er að trekkja á Broadway. Ralph Fiennes, sem lék í Schindler's List og Quiz Show, mun fara með aðalhlutverkið í Hamlet.

Ekkert hefur verið til sparað við uppsetningu leikgerðar á hinni fornfrægu kvikmynd Marlon Brandos On the Waterfront. Leikritið verður frumsýnt um miðjan apríl. Þar er á ferð hefðbundið leikrit með umgjörð og fburði söngleiksins.

Miklar vonir voru bundnar við leikritið Translations eftir Írann Brian Friel um mótmæli, sem spunnust af enskubýðingum breskar hersveitar á keltneskum staðarnöfnum á Írlandi á síðustu öld. Brian Dennehy og Dana Delany eru í aðalhlutverkum, en verkið hlaut dræmar viðtökur gagnrýnenda þegar það var frumsýnt í mars og verður sýningum hætt eftir þrjár vikur.

## Milli velgengni og hruns

Fari hin Broadway-leikritin sömu leið er hætt við því að söngleikirnir verði alls ráðandi á ný (þar vaða nú uppi Brooke Shields í Grease og Glenn Close í Sunset Boulevard). Hin fjárhagslega áhætta af því að setja upp leikrit er slík að meira að segja leikrit, sem ganga vel, eru rekin með tapi. Mikil aðsókn var að leikritinu Englar yfir Ameríku eftir Tony Kushner, en uppsetning þess kostaði 2,2 milljónir Bandaríkjadollara og var enn tap á því þegar sýningum var hætt í desember, þótt það hefði gengið í eitt og hálf ár.

Orðið Broadway er bæði huglægt og hlutlægt. Það vísar til þeirra leikhúsa, sem eru í kringum Times Square, en það er einnig skilgreining á ákveðnu leikhúsi, sem sennilega er best lýst með fburðarmiklum söngleikjum og stórum leikritauppfærslum, hvort heldur sem er vegna stórleikara eða kostnaðarsamra sviðsetninga. Áhersla er lögð á að laða að áhorfendur.

Leikrit, sem sýnd eru off-Broadway, eru yfirleitt látlausari, þótt ekki sé nema vegna þess að tilkostnaður er minni, og oft gætir meiri metnaðar í verkefnavali (þótt ekki sé það algilt; að minnsta kosti er sá metnaður, sem liggur að baki títu mínútna sýningar á heildarverkum Williams Shakespeares tvíbentur). Þar er allt auðveldara að taka áhættu en á Broadway. Þar á titill einþáttunganna þriggja, Atriði, sem bjóða dauðanum byrginn, sennilega betur við, en um ráðviltar og örvinglaðar persónur Mamets, May og Allens.

Höfundur er fréttaritari Morgunblaðsins í Boston

## Tillögurnar vöktu athygli fyrir djarfar og nýstárleg ar lausnir.

## Sífelld leit að fullkomnun

Viðhorf manna til tónsmíða á átjándu öld voru allt önnur en í dag; menn voru ekki að semja tónlist fyrir framtíðina og handrit tónverka voru oft ekki talin annað en grind utan um verk. Beethoven var þannig sífelld að breyta og bæta verk sín, gjarnan eftir að hafa stýrt uppfærslu

þeirra, og af bréfum hans má ráða að hann hugðist endurskoða fyrir nýja útgáfu öll helstu verk sín, en gafst ekki tími til þess. Því má finna í bréfum hans ýmsar breytingar sem hann vildi að gerðar yrðu á verkunum eftir að þau voru prentuð, aukinheldur sem útgáfur sem hann notaði við flutning verkanna áður en hann missti heyrnina eru útkrotaðar. Rannsóknir fræðimanna beinast að því að greina aldur og uppruna handrita, til að tryggja að sú útgáfa sem notuð er sé einmitt síðasta útgáfa sem tónskáldið kom að, en einnig líta menn til þess ef til er upprunalegt handrit Beethovens og bera saman, enda eru víða dæmi þess að Beethoven hafi gefist upp á leiðréttingu eftir að hafa merkt hana inn þrisvar eða fjórum sinnum. Miklar framfarir hafa orðið í þessum rannsóknum á síðustu árum, meðal annars vegna þess að skjöl sem



Beethoven